

**FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2023/2652****2024/EES/83/50**

frá 15. september 2023

um breytingu og leiðréttingu á framseldri reglugerð (ESB) 2022/2292 að því er varðar kröfur um komu hunangs, kjöts, mikið unninna afurða, gelatínhyllkja og lagarafurða inn í Sambandið og kröfur um eigin staðfestingu og um breytingu á framseldri reglugerð (ESB) 2021/630 að því er varðar kröfur um eigin staðfestingu vegna samsettra afurða sem eru undanþegnar opinberu eftirliti á landamæraeftirlitsstöðvum (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/625 frá 15. mars 2017 um opinbert eftirlit og aðra opinbera starfsemi sem miðar að því að tryggja að lögum um matvæli og fôður og reglum um heilbrigði og velferð dýra, plöntuheilbrigði og plöntuverndarvörur sé beitt og um breytingu á reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 999/2001, (EB) nr. 396/2005, (EB) nr. 1069/2009, (EB) nr. 1107/2009, (ESB) nr. 1151/2012, (ESB) nr. 652/2014, (ESB) 2016/429 og (ESB) 2016/2031, reglugerðum ráðsins (EB) nr. 1/2005 og (EB) nr. 1099/2009 og tilskipunum ráðsins 98/58/EB, 1999/74/EB, 2007/43/EB, 2008/119/EB og 2008/120/EB og um niðurfellingu á reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 854/2004 og (EB) nr. 882/2004, tilskipunum ráðsins 89/608/EBE, 89/662/EBE, 90/425/EBE, 91/496/EBE, 96/23/EB, 96/93/EB og 97/78/EB og ákvörðun ráðsins 92/438/EBE (reglugerð um opinbert eftirlit) ⁽¹⁾, einkum k-lið 1. mgr. 77. gr. og 1. mgr. 126. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í reglugerð (ESB) 2017/625 er mælt fyrir um reglur um framkvæmd opinbers eftirlits og annarrar opinberrar starfsemi lögbærra yfirvalda aðildarríkjanna, einkum til að tryggja að sendingar af dýrum og vörum, sem eru ætluð til mannelis, sem koma frá þriðju löndum eða svæðum þeirra inn í Sambandið uppfylli viðeigandi kröfur sem komið var á með reglunum sem um getur í 2. mgr. 1. gr. þeirrar reglugerðar, að undanskildum d-, e-, g- og h-lið þeirrar greinar, eða kröfur sem viðurkennt er að séu a.m.k. jafngildar.
- 2) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/2292 ⁽²⁾ bætir við reglugerð (ESB) 2017/625 að því er varðar kröfur vegna komu sendinga af dýrum sem gefa af sér afurðir til mannelis og tilteknum vörum sem eru ætlaðar til mannelis inn í Sambandið.
- 3) Það ætti að koma skýrt fram í 2. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2022/2292 hvaða hunang og býræktarafurðir falla undir gildissvið krafanna um hunang og býræktarafurðir sem mælt er fyrir um í þeirri framseldu reglugerð. Því er nauðsynlegt að vísa til skilgreiningarinnar á þessum afurðum í tilskipun ráðsins 2001/110/EB ⁽³⁾.
- 4) Að því er varðar lagarafurðir úr villtum afla veita sannanir fyrir fylgni við viðbótarkröfurnar sem mælt er fyrir um í 4. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2022/2292 fullnægjandi ábyrgðir fyrir fylgni við löggjöf Sambandsins um öryggi matvæla og fôðurs. Að því er varðar lagarafurðir úr villtum afla er mengun frá umhverfinu helsta hættan við matvælaöryggi. Fylgni við kröfurnar sem mælt er fyrir um í 4. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2022/2292 veitir ábyrgðir að því er varðar fylgni við kröfur ESB sem tengjast mengun frá umhverfinu, einkum við kröfurnar sem mælt er fyrir um í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/915 ⁽⁴⁾. Enn fremur verða þriðju lönd að framkvæma

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L, 2023/2652, 28.11.2023. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 195/2024 frá 23. september 2024 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) og II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

(1) Stjtið. ESB L 95, 7.4.2017, bls. 1.

(2) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/2292 frá 6. september 2022 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/625 að því er varðar kröfur vegna komu sendinga af dýrum sem gefa af sér afurðir til mannelis og tilteknum vörum sem eru ætlaðar til mannelis inn í Sambandið (Stjtið. ESB L 304, 24.11.2022, bls. 1).

(3) Tilskipun ráðsins 2001/110/EB frá 20. desember 2001 varðandi hunang (Stjtið. EB L 10, 12.1.2002, bls. 47).

(4) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/915 frá 25. apríl 2023 um hámarksgildi fyrir tiltekin aðskotaefni í matvælum og um niðurfellingu á reglugerð (EB) nr. 1881/2006 (Stjtið. ESB L 119, 5.5.2023, bls. 103).

opinbert eftirlit með lagarafurðum úr villtum afla, að því er varðar efnaleifar og aðskotaefni, í samræmi við 70. gr. framkvæmdarreglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/627 ⁽⁵⁾. Því er rétt að undanskilja lagarafurðir úr villtum afla frá viðbótarkröfunum sem mælt er fyrir um í 6. til 12. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2022/2292.

- 5) Niðurstöður úr nýlegri samræmdri aðgerð Sambandsins hafa sýnt að umtalsvert hlutfall af fölsuðu hunangi eða öðrum fölsuðum býrktarafurðum sem eru fluttar inn í Sambandið er til staðar á markaði Sambandsins ⁽⁶⁾.
- 6) Til að tryggja að hunang og aðrar býrktarafurðir sem eru ætluð til manneldis frá þriðju löndum, sem ætlunin er að setja á markað í Sambandinu, séu í samræmi við reglur um matvæli, matvælaöryggi, heilleika og heilnæmi á öllum stígum framleiðslu, vinnslu og dreifingar matvæla, þ.m.t. reglur sem er ætlað að tryggja góða viðskiptahætti og vernda hagsmuni neytenda og upplýsingagjöf til þeirra sem um getur í a-lið 2. mgr. 1. gr. reglugerðar (ESB) 2017/625, er nauðsynlegt að auka opinbert eftirlit með slíkum afurðum.
- 7) Í 4. mgr. 65. gr. reglugerðar (ESB) 2017/625 er þess krafist að lögbær yfirvöld aðildarríkjanna auki opinbert eftirlit með sendingum ef þau hafa ástæðu til gruns um sviksamlega eða villandi viðskiptahætti. Í 5. mgr. 65. gr. þeirrar reglugerðar er þess krafist að þessi lögbæru yfirvöld tilkynni framkvæmdastjórninni og öðrum aðildarríkjum um þá ákvörðun sína að auka þetta opinbera eftirlit. Í framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/1873 ⁽⁷⁾ er mælt fyrir um reglur um málsmeðferðarreglur á landamæraeftirlitsstöðvum vegna samræmdrar framkvæmdar lögbærra yfirvalda á auknu opinberu eftirliti með tilteknum afurðum sem koma inn í Sambandið til setningar á markað til að tryggja samhæfða nálgun að samræmdri framkvæmd á slíku auknu opinberu eftirliti. Í 1. mgr. 3. gr. þeirrar framkvæmdarreglugerðar er þess krafist að þegar lögbær yfirvöld tilkynna framkvæmdastjórninni og öðrum aðildarríkjum um þá ákvörðun sína að auka opinbert eftirlit skuli þau tilgreina upprunastarfsstöð, sem skal vera að finna í skrá sem er tekin saman í samræmi við ii. og iii. lið e-liðar 3. mgr. 127. gr. reglugerðar (ESB) 2017/625. Engin slík skrá er til yfir starfsstöðvar í þriðju löndum sem framleiða hunang eða aðrar býrktarafurðir sem eru ætlaðar til manneldis. Því er nauðsynlegt að koma á fót slíkri skrá.
- 8) Í samræmi við 15. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2022/2292 mega sendingar af nýju kjöti, hökkuðu kjöti, unnum kjötvörum, vélurbeinuðu kjöti, tilteknum kjötafurðum, gelatínu og kollageni einungis koma inn í Sambandið ef þær hafa verið framleiddar úr hráefnum sem voru fengin í sláturhúsum, starfsstöðvum sem meðhöndla veiðidýr, stykkjunarstöðvum og starfsstöðvum sem meðhöndla lagarafurðir í þriðju löndum sem eru samþykkt og skráð í samræmi við 13. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2022/2292. Einnig ætti að heimila komu slíkra afurða úr dýraríkinu inn í Sambandið ef þær eru unnar úr hráefnum sem eru fengin í aðildarríkjum þar eð slík hráefni uppfylla einnig kröfurnar sem mælt er fyrir um í löggjöf Sambandsins. Því ætti að breyta 15. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2022/2292 til samræmis við það.

⁽⁵⁾ Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/627 frá 15. mars 2019 um samræmt, hagnýtt fyrirkomulag við framkvæmd opinbers eftirlits með afurðum úr dýraríkinu, sem eru ætlaðar til manneldis, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/625 og um breytingu á reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2074/2005 að því er varðar opinbert eftirlit (Stjtið. ESB L 131, 17.5.2019, bls. 51).

⁽⁶⁾ Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins, Sameiginleg rannsóknarmiðstöð, Ždiniaková, T., Lörchner, C., De Rudder, O. o.fl., „EU coordinated action to deter certain fraudulent practices in the honey sector – Analytical testing results of imported honey“, útgáfuskrifstofa Evrópusambandsins, 2023: <https://data.europa.eu/doi/10.2760/184511> og framkvæmdastjórn Evrópusambandsins, stjórnarsvið heilbrigðis og matvælaöryggis, „EU Coordinated Action From the hives, sampling, investigations and results“: https://food.ec.europa.eu/system/files/2023-03/official-controls_food-fraud_2021-2_honey_report_euca.pdf

⁽⁷⁾ Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/1873 frá 7. nóvember 2019 um málsmeðferðarreglur á landamæraeftirlitsstöðvum vegna samræmdrar framkvæmdar lögbærra yfirvalda á auknu opinberu eftirliti með afurðum úr dýraríkinu, kimefnum, aukaafurðum úr dýrum og samsettum afurðum (Stjtið. ESB L 289, 8.11.2019, bls. 50).

- 9) Í samræmi við 21. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2022/2292 mega sendingar af tilteknum afurðum sem eru ætlaðar til mannelis einungis koma inn í Sambandið ef þeim fylgir opinbert vottorð. Það ætti að koma skýrt fram að þessi krafa gildir einnig um dýr sem gefa af sér afurðir til mannelis. Að auki er kveðið á um í 1. mgr. 21. gr. þeirrar framseldu reglugerðar að sendingar af tilteknum afurðum megi því aðeins koma inn í Sambandið að þeim fylgi opinbert vottorð, nema um sé að ræða sendingar sem Sambandið er ekki lokaviðtökustaður fyrir. Dýr og vörur sem eru ætluð til mannelis og eru einungis umflutt gegnum Sambandið eru þó útilokuð frá gildissviði framseldrar reglugerðar (ESB) 2022/2292. Breyta ætti 1. mgr. 21. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2022/2292 með því að fella brott tilvísunina í að Sambandið sé ekki lokaviðtökustaður, þannig að hún verði í samræmi við gildissvið þeirrar framseldu reglugerðar.
- 10) Kröfurnar um samsettar afurðir sem mælt er fyrir um í 21. og 22. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2022/2292 vísa til unnins kjöts. Þar eð „unnið kjöt“ er ekki skilgreint í löggjöf Sambandsins og til að vera í samræmi við aðrar kröfur sem tengjast samsettu afurðum, sem mælt er fyrir um í þeirri framseldu reglugerð, þykir rétt að skipta orðunum „unnið kjöt“ út fyrir „kjötafurðir“ í 21. og 22. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2022/2292.
- 11) Í f-lið 1. mgr. 21. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2022/2292 er komið á undanþágu frá kröfum um opinbera vottun fyrir samsettar afurðir sem halda stöðugleika við geymslu sem innihalda gelatín og kollagen. Breyta ætti f-lið 1. mgr. 21. gr. þeirrar framseldu reglugerðar til að það komi skýrt fram að þessi undanþága gildir ekki þegar gelatín og kollagen eru unnin úr beinum jörturdýra þar eð krafist er opinberrar vottunar fyrir slíkt gelatín og kollagen í samræmi við 16. gr. og kafla C í IX. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 999/2001 ⁽⁸⁾.
- 12) Í 3. mgr. 21. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2022/2292 er einnig komið á undanþágu frá kröfum um opinbera vottun fyrir gelatínhylki ef þau eru ekki unnin úr beinum jörturdýra. Það ætti að koma skýrt fram að þessi undanþága gildir ekki einungis um komu tómrar hylkja inn í Sambandið heldur einnig um gelatínhylki sem eru fyllt með afurðum úr dýraríkinu, með fyrirvara um vottunarkröfur sem gilda um þær afurðir úr dýraríkinu sem slík fyllt gelatínhylki innihalda, eða þegar þau koma sem samsettar afurðir inn í Sambandið. Því ætti að breyta 21. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2022/2292 til samræmis við það.
- 13) Samsettar afurðir sem halda stöðugleika við geymslu, þar sem einu dýraafurðirnar sem eru til staðar í fullunni samsettu afurðinni eru D3-vítamín, matvælaaukefni, matvælaensím eða matvælabragðefni, valda óverulegri áhættu fyrir heilbrigði manna og dýra. Af þessum sökum eru þessar samsettu afurðir undanþegar opinberu eftirliti á landamæraeftirlitsstöðvum skv. 1. mgr. 3. gr. framseldrar reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/630 ⁽⁹⁾ og kröfunum sem mælt er fyrir um í 2. og 3. mgr. 20. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2022/2292. Samsettar afurðir sem halda stöðugleika við geymslu, sem eru undanþegar opinberu eftirliti á landamæraeftirlitsstöðvum, teljast skapa litla áhættu fyrir heilbrigði manna og dýra og falla undir kröfu um eigin staðfestingu. Þar eð samsettar afurðir sem halda stöðugleika við geymslu, þar sem einu dýraafurðirnar sem eru til staðar í fullunni samsettu afurðinni eru D3-vítamín, matvælaaukefni, matvælaensím eða matvælabragðefni, teljast skapa óverulega áhættu fyrir heilbrigði manna og dýra ættu þessar samsettu afurðir að vera undanþegar kröfunni um að þeim fylgi eigin staðfesting þegar þær eru settar á markað. Því ætti að breyta 2. mgr. 3. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2021/630 og 2. mgr. 22. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2022/2292 til samræmis við það.
- 14) Reglur um samsettar afurðir sem halda stöðugleika við geymslu, sem eru undanþegar opinberu eftirliti á landamæraeftirlitsstöðvum, og um opinbert eftirlit sem á að inna af hendi með slíkum samsettu afurðum tengjast efnislega og ætlast er til að þeim sé beitt samhliða. Þar eð breytingarnar á 2. mgr. 3. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2021/630 og 2. mgr. 22. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2022/2292 tengjast hvor annarri að því leyti sem þær varða undanþágu frá kröfunni um að samsettu afurðum sem halda stöðugleika við geymslu, þar sem eina dýraafurðin sem er

⁽⁸⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 999/2001 frá 22. maí 2001 um setningu reglna um forvarnir gegn, eftirlit með og útrýmingu tiltekinna tegunda smitandi heilahrömunar (Stjtið. EB L 147. 31.5.2001 bls. 1).

⁽⁹⁾ Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/630 frá 16. febrúar 2021 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/625 að því er varðar tiltekna flokka vara sem eru undanþegnir opinberu eftirliti á landamæraeftirlitsstöðvum og um breytingu á ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2007/275/EB (Stjtið. ESB L 132, 19.4.2021, bls. 17).

til staðar í fullunnu samsettu afurðinni er matvælabætandi efni, þ.e. D3-vítamín, matvælaaukefni, matvælaensím eða matvælabragðefni, fylgi eigin staðfesting þegar þær eru settar á markað ætti að mæla fyrir um breytingarnar í einni gerð fyrir sakir einföldunar og gagnsæis, til að greiða fyrir beitingu reglnanna og komast hjá margföldun þeirra í mismunandi gerðum og vegna þess að báðar breytingarnar ættu að taka gildi á sama degi til að komast hjá réttaróvissu.

- 15) Í samræmi við d- og e-lið 14. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2022/2292 er ekki gerð krafa um að starfsstöðvar sem framleiða mikið unnar afurðir úr dýraríkinu eða gelatínhylki sé að finna í skránum sem um getur í 13. gr. þeirrar framseldu reglugerðar. Þar eð 14. gr. skapar tvíræðni að því er varðar kröfurnar um komu þessara afurða inn í Sambandið og til að gæta samræmis við 13. gr. þeirrar framseldu reglugerðar ætti ekki að vísa til gelatínhylkja og mikið unninna afurða, sem eru auðkennd með SN-númerum og ST-vöruliðum sem ekki er getið um í 13. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2022/2292, í 14. gr. þeirrar framseldu reglugerðar. Því ætti að leiðrétta d- og e-lið 14. gr. þeirrar framseldu reglugerðar.
- 16) Í 21. gr. eru villur í skránni yfir undirliði í samræmdu tollskránni fyrir spírur og fræ sem eru ætluð til framleiðslu á spírur sem mælt er fyrir um í öðrum hluta I. viðauka við reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2658/87⁽¹⁰⁾. Þessar villur eru verulegar þar eð þær auðkenna þær spírur og þau fræ sem eru ætluð til framleiðslu á spírur sem skilyrðin fyrir komu inn í Sambandið gilda um. Því ætti að leiðrétta þessa undirliði í c-lið 1. mgr. 21. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2022/2292.
- 17) Villa var gerð í númeri framseldrar reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/1644⁽¹¹⁾ sem um getur í a-lið 2. liðar í C-lið II. hluta I. viðauka. Til að tryggja réttarvissu þykir rétt að leiðrétta hana.
- 18) Veita ætti þriðju löndum nægan tíma til að uppfylla nýju kröfuna um skráningu starfsstöðva sem hafa leyfi til útflutnings á hunangi og öðrum býræktarafurðum sem eru ætluð til manneldis til Sambandsins, sem þær breytingar varða sem gerðar eru á 13. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2022/2292 með þessari reglugerð. Því ætti að kveða á um umbreytingartímabil fyrir þessa kröfu.
- 19) Breyta ætti og leiðrétta framseldrar reglugerðir (ESB) 2022/2292 og (ESB) 2021/630 til samræmis við það.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Breytingar á framseldri reglugerð (ESB) 2022/2292

Framseldri reglugerð (ESB) 2022/2292 er breytt sem hér segir:

- 1) Eftirfarandi liðum 34a og 34b er bætt við í 2. gr. á eftir 34. lið:

„34a) „hunang“ skal vera hunang eins og það er skilgreint í tilskipun ráðsins 2001/110/EB (*), þ.m.t. að því er varðar helstu tegundir hunangs,

34b) „býræktarafurðir“: hunang, bývax, drottningarhunang, býþetti eða frjókorn sem eru ætluð til manneldis,

(*) Tilskipun ráðsins 2001/110/EB frá 20. desember 2001 varðandi hunang (Stjtið. EB L 10, 12.1.2002, bls. 47).“

⁽¹⁰⁾ Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2658/87 frá 23. júlí 1987 um tollskrár- og hagtöluflokkunarkerfið og sameiginlegu tollskrána (Stjtið. EB L 256, 7.9.1987, bls. 1).

⁽¹¹⁾ Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/1644 frá 7. júlí 2022 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/625 að því er varðar sértækar kröfur um framkvæmd opinbers eftirlits varðandi notkun á lyfjafraðilega virkum efnum sem eru leyfð sem dýralyf eða sem fôðuraufefni ásamt bönnuðum eða óleyfilegum lyfjafraðilega virkum efnum og leifum af þeim (Stjtið. ESB L 248, 26.9.2022, bls. 3).

2) Í stað fjórða undirliðar í 2. mgr. 5. gr. kemur eftirfarandi:

„— lagarafurðir úr villtum aflu, skordýr, froska, froskalappir, snigla, skriðdýr og skriðdýrakjöt.“

3) Í 1. mgr. 13. gr. er eftirfarandi c-lið bætt við:

„c) hunang og aðrar býræktarafurðir sem mælt hefur verið fyrir um eftirfarandi ST-vöruliði fyrir í öðrum hluta I. viðauka við reglugerð (EBE) nr. 2658/87: 0409, 0410, 1212, 1521 eða 1702.“

4) Í stað inngangслиðarins í 15. gr. kemur eftirfarandi:

„Sendingar af eftirfarandi afurðum úr dýraríkinu skulu einungis koma inn í Sambandið ef þær hafa verið framleiddar úr hráefnum sem voru fengin í sláturhúsum, starfsstöðvum sem meðhöndla veiðidýr, stykkjunarstöðvum og starfsstöðvum sem meðhöndla lagarafurðir sem er að finna í skráum yfir starfsstöðvar sem eru teknar saman og haldið uppfærðum í samræmi við e-lið 3. mgr. 127. gr. reglugerðar (ESB) 2017/625 eða fengin í aðildarríkjum.“

5) Ákvæðum 21. gr. er breytt sem hér segir:

a) Ákvæðum 1. mgr. er breytt sem hér segir:

i. Í stað inngangслиðarins kemur eftirfarandi:

„Hver sending af eftirtöldum dýrum og vörum skal því aðeins koma inn í Sambandið til setningar á markað að sendingunni fylgi opinbert vottorð.“

ii. Í stað f-liðar kemur eftirfarandi:

„f) samsettar afurðir sem um getur í a- og b-lið 2. mgr. 20. gr., að undanskildum samsettum afurðum sem halda stöðugleika við geymslu sem innihalda ekki aðrar kjötafurðir en:

i. gelatín eða kollagen sem er ekki unnið úr beinum jörturdýra,

ii. mikið unnar afurðir, eins og þeim er lýst í XVI. þætti III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 853/2004, sem eru ætlaðar til manneldis.“

b) Í stað 3. mgr. kemur eftirfarandi:

„3. Ekki skal gera kröfu um opinbert vottorð vegna komu gelatínhyllkja, sem falla undir ST-vöruliði 3913, 3926 eða 9602 í öðrum hluta I. viðauka við reglugerð (EBE) nr. 2658/87, inn í Sambandið né heldur gelatínhyllkja sem hluta af þeim afurðum úr dýraríkinu sem um getur í b-lið 1. liðar þessarar greinar eða sem hluta af þeim samsettu afurðum sem um getur í 1. mgr. 20. gr. þessarar reglugerðar ef þessi hylki eru ekki unnin úr beinum jörturdýra.“

6) Í stað a-liðar 1. mgr. 22. gr. kemur eftirfarandi:

„a) sendingum af samsettum afurðum sem um getur í b-lið 2. mgr. 20. gr. ef samsettu afurðirnar innihalda ekki afurðir, að stofni til úr broddi, eða kjötafurðir aðrar en:

i. gelatín eða kollagen sem er ekki unnið úr beinum jörturdýra,

ii. mikið unnar afurðir, eins og þeim er lýst í XVI. þætti III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 853/2004, sem eru ætlaðar til manneldis.“

7) Í stað 2. mgr. 22. gr. kemur eftirfarandi:

„2. Þrátt fyrir 1. mgr. þessarar greinar, að því er varðar samsettar afurðir sem eru undanþegnar opinberu eftirliti á landamæraeftirlitsstöðvum í samræmi við h-lið 48. gr. reglugerðar (ESB) 2017/625, skal eigin staðfesting fylgja samsettu afurðunum þegar þær eru settar á markað, að undanskildum þeim afurðum sem um getur í 4. mgr. 20. gr. þessarar reglugerðar en fyrir þær er ekki gerð krafa um eigin staðfestingu.“

2. gr.

Leiðréttingar á framseldri reglugerð (ESB) 2022/2292

Framseld reglugerð (ESB) 2022/2292 er leiðrétt sem hér segir:

1) Ákvæði 14. gr. eru leiðrétt sem hér segir:

a) Í stað d-liðar kemur eftirfarandi:

„d) framleiðslu á mikið unnum afurðum úr dýraríkinu sem um getur í ST-vöruliðum 2932 eða 3503 í öðrum hluta I. viðauka við reglugerð (EBE) nr. 2658/87.“

b) Ákvæði e-liðar falla brott.

2) Í stað c-liðar 1. mgr. 21. gr. kemur eftirfarandi:

„c) spírur og fræ sem eru ætluð til framleiðslu á spírum og sem vísað er til með eftirfarandi ST-undirliðum: 0704 90, 0706 90, 0708 10, 0708 20, 0708 90, 0713 10, 0713 33, 0713 34, 0713 35, 0713 39, 0713 40, 0713 50, 0713 60, 0713 90, 0910 99, 1201 10, 1201 90, 1207 50, 1207 99, 1209 10, 1209 21, 1209 91 eða 1214 90 í öðrum hluta I. viðauka við reglugerð (EBE) nr. 2658/87.“

3) Í stað a-liðar 2. liðar í C-lið II. hluta I. viðauka kemur eftirfarandi:

„a) lið A.1 í II. viðauka við framselda reglugerð (ESB) 2022/1644 fyrir efni í A-flokki sem um getur í I. viðauka við framselda reglugerð (ESB) 2022/1644.“

3. gr.

Breyting á framseldri reglugerð (ESB) 2021/630

Í stað 2. mgr. 3. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2021/630 kemur eftirfarandi:

„2. Þegar samsettar afurðir sem halda stöðugleika við geymslu, sem um getur í a-lið 1. mgr., eru settar á markað skal eigin staðfesting fylgja með þeim í samræmi við fyrirmyndina sem mælt er fyrir um í V. viðauka við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/2235 (*).“

(*) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/2235 frá 16. desember 2020 um reglur um beitingu reglugerða Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/429 og (ESB) 2017/625 að því er varðar fyrirmyndir að dýraheilbrigðisvottorðum, fyrirmyndir að opinberum vottorðum og fyrirmyndir að dýraheilbrigðisvottorðum/opinberum vottorðum vegna komu inn í Sambandið og tilflutninga innan Sambandsins á sendingum af tilteknum flokkum dýra og vara og opinbera vottun að því er varðar slík vottorð og um niðurfellingu á reglugerð (EB) nr. 599/2004, framkvæmdarreglugerðum (ESB) nr. 636/2014 og (ESB) 2019/628, tilskipun 98/68/EB og ákvörðunum 2000/572/EB, 2003/779/EB og 2007/240/EB (Stjtið. ESB L 442, 30.12.2020, bls. 1).“

4. gr.

Umbreytingarákvæði

Sendingar af hunangi og öðrum býræktarafurðum sem eru ætluð til manneldis mega koma inn í Sambandið frá starfsstöðvum sem eru ekki skráðar í samræmi við 13. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2022/2292 í 12 mánuði frá birtingardegi þessarar reglugerðar í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

5. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 15. september 2023.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.
